

## Gistingar ferðamanna 2013

### *Tourist accommodation 2013*

#### *Samantekt*

Seldar gistinætur voru 4,3 milljónir hér á landi árið 2013 og fjölgaði um tæp 15% frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ferðamanna voru 79% af heildarfjölda gistinátta og fjölgaði um 17% frá árinu 2012. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 8%. Tveir þriðju allra gistinátta voru á hótelum og gistiheimilum, 12% á tjaldsvæðum og 22% á öðrum tegundum gististaða. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum á milli ára nema á Vestfjörðum, en hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Suðurnesjum og Austurlandi.

Mikil aukning hefur orðið á seldum gistinóttum undanfarin ár. Þannig hefur heildarfjöldi gistinátta aukist um 1,3 milljónir eða um 42,5% á síðastliðnum fimm árum. Framboð gistirýmis hefur ekki aðeins aukist til muna á þessum tíma, heldur hefur nýting á gistirými einnig aukist. Nýting herbergja á hótelum og gistiheimilum var 54,3% á síðasta ári en 46,2% árið 2009.

Eins og mörg undanfarin ár gistu Þjóðverjar flestar nætur árið 2013, þá Bretar og svo Bandaríkjamenn. Sú nýbreytni varð á árinu að öllum þjóðernum ferðamanna var safnað og er landatafla gistinátta nú birt með 47 þjóðernum og fimm safnflokkum.

#### **Inngangur**

Rannsókn Hagstofunnar tekur til allrar seldrar gistiþjónustu að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka, stéttar- og starfsmannafélaga. Gistináttatalning Hagstofunnar er þýðisrannsókn og árið 2013 var beðið um upplýsingar frá 916 gististöðum. Heimtur voru góðar hjá stærri gististöðum en lakari hjá smærri aðilum. Upplýsingar um gistirými sem liggja fyrir nýtast til að áætla gistinætur hjá stöðum sem ekki skila gögnum. Rannsóknin nær til allra gististaða óháð því hvort þeir hafi gistileyfi. Mikil aukning hefur verið á fjölda smærri gististaða eins og heimagististaða og í íbúðagistingu undanfarin ár. Hagstofan telur að gististaðir sem gætu verið vantaddir séu yfirleitt smáir heimagististaðir sem leigja út fá herbergi óreglulega yfir árið og hafa ekki veruleg áhrif á heildarniðurstöður.

## Heildarfjöldi gistinátta

Gistinóttum fjölgað um 14,9%

Heildarfjöldi seldra gistinátta var 4.280.685 árið 2013 sem er 14,9% aukning frá árinu 2012 þegar gistinætur voru 3.725.213. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 3.366.252 eða 78,6% af heildarfjölda gistinátta og fjölgaði um 17% frá fyrra ári. Gistinætur Íslendinga voru 914.433 og fjölgaði um 8% frá 2012.

Þjóðverjar kaupa flestar gistinætur, síðan Bretar og Bandaríkjamenn


Þjóðverjar kaupa sem fyrr flestar gistinætur en gistinætur þeirra voru 579.814 á síðasta ári og fjölgaði um 16% frá árinu 2012. Gistinætur Bretar voru næstflestar, 550.155, en það er aukning um 28% frá fyrra ári. Gistinætur Bandaríkjamanna voru 463.680 og gistinætur Frakka 313.213. Árið 2013 var í fyrsta skipti safnað upplýsingum um öll þjóðerni. Af þeim þjóðernum sem áður voru birt undir safnflokkum eru Rússar fjölmennastir. Gistinætur Rússa voru 30.948 árið 2013, Ísraelsmenn keyptu 27.649 gistinætur og Tékkar 16.066 (sjá nánar töflu 1 á bls. 12).

45% allra gistinátta er á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2013 voru 45% allra gistinátta á höfuðborgarsvæðinu, en það er svipað og árið áður. Rúmlega helmingur gistinátta erlendra ríkisborgara var á höfuðborgarsvæðinu en 24% gistinátta Íslendinga. Um 17% gistinátta voru á Suðurlandi og 12% á Norðurlandi eystra. Gistinóttum fjölgaði á öllum landsvæðum nema Vestfjörðum, þar var 2,8% fækkun milli ára. Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Suðurnesjum og Austurlandi.

### Mynd 1. Gistinætur eftir landsvæðum 2012–2013

Figure 1. Overnight stays by region 2012–2013




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

66% allra gistinátta eru á hótélum og gistiheimilum

Fram til ársins 2013 var íbúðagisting talin með hótélum og gistiheimilum, en fyrir árið 2012 og 2013 eru tölurnar birtar sérstaklega til samræmis við flokkun í öðrum Evrópulöndum. Því breytist hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða fyrir birtar tölur árið 2013. Hlutfall gistinátta á hótélum og gistiheimilum er 66,2%, 6,8% í íbúðagistingu, 12,2% á tjaldsvæðum og 14,8% á öðrum gististöðum, þ.e. farfuglaheimilum, svefnpokagististöðum, heimagististöðum, orlofshúsabyggðum og skálum í óbyggðum (sjá mynd 2).

## Mynd 2. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2013

Figure 2. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2013




31,4% aukning í íbúðagistingu

Gistinóttum fjölgaði milli ára á öllum tegundum gististaða. Hlutfallslega fjölgaði þeim mest í íbúðagistingu eða um 31,4%, á farfuglaheimilum um 27,9% og á heimastistöðum um 18,9%.

Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Þannig voru 53% gistinátta Íslendinga á hótélum og gistiheimilum og 30% á tjaldsvæðum. Til samanburðar voru gistinætur erlendra gesta í 70% tilvika á hótélum og gistiheimilum og í 7% tilvika á tjaldsvæðum (sjá mynd 3 og 4).


## Mynd 3. Gistinætur Íslendinga eftir tegund gististaða 2013

Figure 3. Overnight stays of Icelanders by type of accommodation 2013




**Mynd 4. Gistinætur útlendinga eftir tegund gististaða 2013**

Figure 4. Overnight stays of foreigners by type of accommodation 2013




**Mynd 5. Gistinætur Íslendinga eftir landsvæðum 2013, allar gerðir gististaða**

Figure 5. Overnight stays of Icelanders by region 2013, all types of accommodation



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

**Mynd 6. Gistinætur útlendinga eftir landsvæðum 2013, allar gerðir gistaða**  
 Figure 6. Overnight stays of foreigners by region 2013, all types of accommodation



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

*Gistinóttum fjölgað um 1,3 milljónir á síðustu 5 árum*

Mikil aukning hefur orðið á heildarfjölda gistinátta síðustu fimm ár. Árið 2009 voru gistinætur á öllum tegundum gistaða 3.004.629 en árið 2013 voru þær 4.280.685. Heildarfjöldi gistinátta hefur því aukist um 1,3 milljónir eða um 42,5% á fimm árum. Á þessum tíma hefur gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgað um 58% á meðan gistinóttum Íslendinga hefur fjölgað um 5%.

### Hótel og gistiheimili

*14,9% aukning gistinátta 2013*

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um tæp 14,9% milli árána 2012 og 2013. Gistinætur voru 2.833.770 á árinu 2013 eða 366.836 fleiri en árið 2012. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 83% af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum og fjölgaði þeim um 15,7% á meðan gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 11%. Gistirými á hótélum og gistiheimilum hefur aukist frá fyrra ári, meðalframboð á herbergjum fjölgaði um 8,7% og á rúmum um 7,4% (sjá töflu 2 á bls. 14).

*53% gistinátta er á höfuðborgarsvæðinu*


Af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum árið 2013 voru sem fyrr flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eða 53%. Á Suðurlandi voru 14% gistinátta, 10% á Norðurlandi eystra og 8% á Austurlandi (sjá mynd 9 á bls. 7).

*Mikil aukning á Suðurnesjum*

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði frá fyrra ári í öllum landshlutum. Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Suðurnesjum eða um 30%. Á Vestfjörðum fjölgaði gistinóttum um 23%, á Vesturlandi um 22%, 19% á Suðurlandi, 18% á Austurlandi, 14% á Norðurlandi og um 11% á höfuðborgarsvæðinu (sjá mynd 7).

### Mynd 7. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2013

Figure 7. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2013



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.


36% herbergja á höfuðborgarsvæðinu

Á höfuðborgarsvæðinu eru um 36% af heildarfjölda herbergja á hótélum og gistiheimilum. Suðurland er með 18% herbergja og Norðurland eystra með 14%. Fjöldi hótela og gistiheimila vori 344 árið 2013 til samanburðar við 324 árið 2012 (sjá mynd 8 hér að neðan og töflu 3 á bls.16).

Nýting herbergja á hótélum og gistiheimilum var 54,3% á síðasta ári og nýting rúma 43,6%. Á undanförunum árum hefur nýting batnað umtalsvert, þannig var nýting herbergja 46,2% árið 2009 og nýting rúma 37%. Sérstaklega hefur nýting á gistirými batnað yfir vetrarmánuðina, en herbergjanýting var rúm 30% í febrúar 2009 en tæp 50% í febrúar 2013.

### Mynd 8. Fjöldi herbergja á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2013


Figure 8. Number of hotel rooms and guesthouses by region 2013



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

### Mynd 9. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2013

Figure 9. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2013



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Framboð gistiþjónustu er mest í flokki hótela og gistiheimila. Heimtur upplýsinga um gistináttafjölda á hótélum og gistiheimilum hafa verið um 71% af heildarfjölda gistinátta í hverjum mánuði. Upplýsingar um gistirými eru til fyrir alla staði í þessum flokki. Áætlanir um nýtingu gistirýmis og skiptingu gesta eftir ríkisfangi á gististöðum sem ekki hafa skilað upplýsingum eru því nokkuð öruggar.

*Hvaða staðir flokkast sem hótél og gistiheimili?*

Til hótela og gistiheimila teljast hótél og gistiheimili sem starfa allt árið, svo og sumarhótél og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótél og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða lágmarks hótélþjónustu þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Um 66% þeirra gistinátta sem gistináttatölg Hagstofunnar nær til eru á gististöðum í þessum flokki.

### Hótél

*Gistinóttum á hótélum fjölgar um 14,7%*

Gistinætur á hótélum voru 2.050.163 árið 2013 og fjölgaði um 14,7% frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru um 83% af heildarfjölda gistinátta á hótélum og fjölgaði um rúm 15,4% frá fyrra ári. Gistinóttum Íslendinga á hótélum fjölgaði á sama tíma um 11%.

*Hlutfallslega mest aukning á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða 2013*

Gistinóttum á hótélum fjölgaði í öllum landshlutum milli ára, mest á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða um 39% og á Austurlandi um 30%. Á Suðurnesjum fjölgaði gistinóttum um 25% milli ára, á Norðurlandi um 19%, á Suðurlandi um 17% og um 11% á höfuðborgarsvæðinu.

*Fjöldi hótela 97 árið 2013*


Á sama tíma og gistinóttum á hótélum fjölgar eykst framboð gistirýmis á hótélum. Fjöldi gististaða sem flokkast sem hótél voru 97 árið 2013 og fjölgaði um átta frá fyrra ári. Framboð herbergja hefur aukist um 7,3% og fjöldi rúma um 6,9% milli ára (sjá töflu 3 á bls. 16).

Á höfuðborgarsvæðinu eru 57% allra hótélherbergja, 16% á Suðurlandi, 11% á Norðurlandi, 6% á Austurlandi, 6% á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða og 4% á Suðurnesjum (sjá mynd 10).

Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá hótélum. Á hótélum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótélum voru mjög góðar árið 2013.

#### **Mynd 10. Fjöldi herbergja á hótélum eftir landssvæðum 2013**

*Figure 10. Number of hotel rooms by region 2013*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Gistinætur á hótélum árið 2013 voru flestar á höfuðborgarsvæðinu eða um 68%, 11% á Suðurlandi, 8% á Norðurlandi, 4% á Suðurnesjum, 4% á samantölgu svæði Vesturlands og Vestfjarða og 4% á Austurlandi (sjá mynd 11).

#### **Mynd 11. Gistinætur á hótélum eftir landssvæðum 2013**

*Figure 11. Overnight stays in hotels by region 2013*



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.



## Tjaldsvæði


Aukning um 2% frá fyrra ári

Seldar gistinætur á tjaldsvæðum landsins voru 521.229 árið 2013 til samanburðar en 510.852 árið 2012. Gistinætur Íslendinga voru 53% af heildarfjölda gistinátta á tjaldsvæðum og fækkakði um 1% frá fyrra ári á meðan gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgaði um 6%. Gistinóttum á tjaldsvæðum fjölgaði hlutfallslega mest á Austurlandi um 29%, á samanlögðu svæði höfuðborgar og Suðurnesjaum 24%, 19% aukning var á Norðurlandi vestra og 10% á Norðurlandi eystra. Gistinóttum fækkaði hinsvegar á milli ára um 27% á Vesturlandi, 8% á Suðurlandi og um 7% á Vestfjörðum.

Fjöldi tjaldsvæða, þar sem gjald er tekið fyrir gistingu, voru 167 árið 2013 og fjölgaði um 5 frá fyrra ári (sjá töflu 3 á bls. 16).

## Mynd 12. Gistinætur á tjaldsvæðum eftir landsvæðum 2013

Figure 12. Overnight stays in camping sites by region 2013



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

## Önnur gisting

Til annarra gististaða en þeirra sem fyrr hafa verið nefndir eru: íbúðagisting, farfuglaheimili, svefnpokagististaðir, heimagisting, skálar í óbyggðum og orlofshúsabyggðir. Gistinætur í orlofshúsabyggðum í eigu stéttarfélaganna og félagasamtaka eru ekki meðtaldar hér.

Mikil aukning á farfuglaheimilium

Eins og nefnt var hér að framan hefur gistinóttum í íbúðagistingu fjölgað mikið frá fyrra ári eða um 31,4% voru 220.630 og fóru í 289.867 fyrir árið 2013. Gistinætur á farfuglaheimilium voru 282.900 á síðasta ári og fjölgaði um 28% frá árinu 2012. Mikil fjölgun hefur verið á heimagististöðum undanfarin ár en í flestum tilfellum eru þetta litlir staðir sem leigja út fá herbergi óreglulega yfir árið. Erfiðlega hefur gengið að ná til allra heimagististaða þannig að gistinætur þeirra eru vantaldar að einhverju leiti sem ætti þó að hafa óveruleg áhrif á heildarniðurstöður. Gistinætur fyrir árið 2013 á heimagististöðum voru 99.070 miðað við 83.307 árið áður.

Á svefnpokagististöðum voru 23.800 gistinætur á síðasta ári sem er 11% frá árinu 2012.

Gistinóttum í orlofshúsabyggðum, öðrum en þeim sem reknar eru af stéttarfélögum og félagasamtökum, fjölgaði um 16% frá fyrra ári, voru 163.500 til samanburðar við 141.200 árið 2012.

Gistinætur í skálum í óbyggðum fjölgaði um 12% milli ára, voru 66.488 í fyrra til samanburðar við 59.546 árið 2012. Skálar í óbyggðum voru 53 árið 2013. Til þessa flokks teljast eingöngu þeir gistiskálar þar sem innheimt er gjald fyrir gistingu.

## Um skýrslugerðina

### *Framsetning gagna*

Í heftinu eru helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands sýndar í yfirlitstöflum og myndritum fyrir flesta flokka gististaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur, gestakomur eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðerni gesta. Landinu er skipt í átta svæði: höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Í sumum tilvikum hefur þurft að slá saman tölum fyrir fleiri en eitt svæði ef gististaðir eru of fáir til að unnt sé að birta niðurstöður.

Gistiskýrslum fyrir síðastliðinn mánuð ber að skila inn í upphafi hvers mánaðar. Hagstofan birtir mánaðarlega á heimasíðu sinni tölur um gistinætur á hótelum en ekki fyrir aðra flokka gististaða. Veftöflur um alla tegundir gististaða er hægt að nálgast á heimasíðu Hagstofunnar undir málaflokknum ferðamál, samgöngur og upplýingatekni.

*Heimtur* Skýrsluskil hafa verið þokkaleg frá flestum tegundum gististaða að undanskilinni heimagistingu, en í þeim flokki hefur þurft tímafrekan eftirrekstur. Árið 2013 var um 18,9% af heildarfjölda gistinátta áætlaður miðað við 17,5% árið 2012.

*Trúnaður* Allar upplýsingar eru trúnaðarmál og miðast töflugerðin og önnur upplýsingagjöf við það að niðurstöður verði ekki raktar beint eða óbeint til einstakra aðila.

*Áætlanir* Áætlaður fjöldi gistinátta á gististöðum sem ekki hafa sent Hagstofunni gistiskýrslur er aðallega byggður á vitneskju um gistirými og nýtingu. Á hótelum og gistiheimilum eru áætlanir byggðar á upplýsingum um gistirými, nýtingu á öðrum sambærilegum gististöðum, upplýsingum um fyrri ár, auk annarra upplýsinga. Gistirými er þekkt á öllum gististöðum nema á svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum. Áætlanir fyrir skála og tjaldsvæði eru einnig byggðar á samtölum, eldri upplýsingum og þróun gistinátta á sambærilegum tjaldsvæðum og skálum.

## English summary

In this issue of Statistical Series, Statistics Iceland publishes accommodation statistics for the year 2013. Results are presented by overnight stays, arrivals by different types of accommodation establishments. Figures are broken down by region and citizenship of guests.

The total number of overnight stays was 4.3 million in the year 2013, which is an 15% increase compared with the year 2012. Nights spent by foreign tourists accounted for 79% of the total number of overnight stays in 2013 and increased by 17% compared with previous year. At the same time overnight stays of Icelanders increased by 8%. From 2012 to 2013 the number of overnight stays increased in all types of accommodation establishments.

Most overnight stays in 2013 were spent by tourists from Germany, Britain and USA.

### Mynd 13. Svæðaskipting í skýrslunni

Figure 13. Regional division in this report



**Tafla 1. Fjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi og landsvæðum 2013**  
 Table 1. *Overnight stays and arrivals by citizenship and region 2013*

	Höfuð- borgar- svæði		Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land	Norður- land	Austur- land	Suður- land
	Alls <i>Total</i>	<i>Capital region</i>	South- <i>west</i>	land <i>West</i>	<i>West- fjords</i>	<i>North- west</i>	<i>North- east</i>	<i>East</i>	<i>South</i>
<b>Gistinætur <i>Overnight stays</i></b>									
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>4.280.685</b>	<b>1.929.600</b>	<b>170.272</b>	<b>256.141</b>	<b>128.867</b>	<b>146.447</b>	<b>525.069</b>	<b>406.552</b>	<b>717.737</b>
Íslenskir ferðamenn <i>Icelandic tourists</i>	914.433	221.814	30.601	95.461	51.406	69.413	169.486	92.345	183.907
Erlendir ferðamenn <i>Foreign tourists</i>	3.366.252	1.707.786	139.671	160.680	77.461	77.034	355.583	314.207	533.830
Danmörk <i>Denmark</i>	124.745	72.740	3.798	6.029	1.606	2.944	11.602	8.901	17.125
Svíþjóð <i>Sweden</i>	117.789	87.971	2.293	3.205	1.254	2.248	6.073	3.801	10.944
Noregur <i>Norway</i>	149.148	114.167	3.999	3.241	1.118	1.593	5.326	3.293	16.411
Færeyjar <i>Faroe Island</i>	10.655	7.924	153	113	139	154	1.413	546	213
Grænland <i>Greenland</i>	3.074	2.579	308	8	60	16	53	35	15
Finnland <i>Finland</i>	44.130	33.353	1.113	925	393	537	2.257	1.686	3.866
Bretland <i>United Kingdom</i>	550.155	369.625	24.745	21.242	4.616	3.986	27.752	24.980	73.209
Írland <i>Ireland</i>	17.929	12.290	456	524	431	352	1.075	938	1.863
Þýskaland <i>Germany</i>	579.814	203.271	21.736	35.830	25.186	18.277	87.911	76.502	111.101
Holland <i>Netherlands</i>	156.580	51.223	5.240	12.598	6.014	5.603	21.190	19.560	35.152
Belgía <i>Belgium</i>	61.111	20.202	2.133	2.621	2.383	3.004	8.557	8.231	13.980
Frakkland <i>France</i>	313.213	99.061	9.550	19.776	8.417	10.179	43.188	50.180	72.862
Sviss (þ.m.t. Lichtenstein) <i>Switzerland (incl. Lichtenstein)</i>	112.645	30.571	6.490	8.942	5.435	5.503	17.711	16.043	21.950
Austurríki <i>Austria</i>	47.124	14.080	1.840	3.448	1.488	2.341	7.989	6.035	9.903
Ítalía <i>Italy</i>	104.196	31.815	4.451	6.636	3.549	4.358	19.669	16.070	17.648
Spánn <i>Spain</i>	115.716	39.258	5.818	7.510	3.259	3.742	18.126	17.005	20.998
Eistland <i>Estonia</i>	2.452	1.450	148	44	43	114	407	76	170
Króatía <i>Croatia</i>	1.023	784	61	9	1	7	61	14	86
Kýpur <i>Cyprus</i>	227	164	28	0	0	4	3	5	23
Lettland <i>Latvia</i>	1.295	917	58	11	10	1	89	120	89
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	5.843	1.354	4.214	44	20	28	59	31	93
Grikkland <i>Greece</i>	2.296	949	723	106	10	17	248	126	117
Portúgal <i>Portugal</i>	3.779	2.143	192	80	52	50	394	520	348
Úkraína <i>Ukraine</i>	1.265	687	61	74	10	18	179	98	138
Ungverjaland <i>Hungary</i>	5.872	3.573	271	137	104	23	492	576	696
Tyrkland <i>Turkey</i>	1.244	846	45	103	4	0	81	39	126
Tékkland <i>Czech Republic</i>	16.066	5.647	714	554	284	441	2.727	2.681	3.018
Slóvenía <i>Slovenia</i>	4.315	1.955	40	89	95	99	976	368	693
Slóvakía <i>Slovakia</i>	2.783	1.335	139	97	42	73	310	389	398
Rússland <i>Russia</i>	30.948	15.810	4.135	613	581	460	3.011	2.561	3.777
Pólland <i>Poland</i>	16.589	6.811	1.685	864	422	1.146	2.300	1.504	1.857
Malta <i>Malta</i>	310	215	12	21	0	6	28	23	5
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	1.536	811	120	28	65	47	145	94	226
Litháen <i>Lithuania</i>	2.892	1.321	220	79	32	46	441	226	527
Rúmenía <i>Romania</i>	1.655	1.008	79	41	13	17	223	95	179
Önnur Evrópulönd <i>Other European countries</i>	1.387	818	114	27	18	37	72	91	210
Bandaríkin <i>Unites States of America</i>	463.680	304.068	20.693	14.996	5.448	4.866	34.102	25.751	53.756
Kanada <i>Canada</i>	81.729	45.782	2.576	3.667	2.332	1.786	8.389	7.341	9.856
Brasilía <i>Brazil</i>	3.553	2.338	145	47	41	27	392	184	379
Önnur lönd Mið- og Suður-Ameríku <i>Other South and Central American countr.</i>	5.686	4.151	150	130	30	42	573	250	360
Japan <i>Japan</i>	54.042	32.845	3.513	2.188	348	211	3.038	3.397	8.502
Kína <i>People's Republic of China</i>	44.841	27.953	2.254	1.151	234	454	3.956	3.792	5.047

Tafla 1. Fjöldi gistinguáttu og gestakoma eftir ríkisfangi og landsvæðum 2013 (frh.)  
 Table 1. Overnight stays and arrivals by citizenship and region 2013 (cont.)

	Höfuð- borgar- svæði	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land	Norður- land	Austur- land	Suður- land	
Alls Total	Capital region	South- west	West	West- fjords	North- west	North- east	East	South	
Suður-Kórea <i>Republic of South Korea</i>	3.011	1.697	133	20	14	27	351	419	
Indland <i>India</i>	4.132	2.605	97	38	39	76	435	516	
Ísrael <i>Israel</i>	27.649	5.078	827	1.565	824	1.323	6.630	6.851	
Önnur Asíulönd <i>Other Asian countries</i>	34.609	22.990	862	355	257	397	2.672	4.720	
Suður-Afríka <i>South Africa</i>	1.921	1.180	103	34	41	23	103	325	
Önnur Afríkulönd <i>Other African countries</i>	2.410	1.623	55	35	39	6	424	123	
Ástralía <i>Australia</i>	24.444	14.949	981	746	627	299	2.166	2.661	
Nýja-Sjáland <i>New Zealand</i>	2.476	1.633	81	35	33	24	209	285	
Önnur lönd Eyjaálfa og önnur landsvæði <i>Other Oceania and other territories</i>	268	166	19	4	0	2	5	14	
<b>Gestakomur Arrivals</b>									
<b>Alls Total</b>	<b>2.483.054</b>	<b>823.984</b>	<b>128.678</b>	<b>168.821</b>	<b>87.784</b>	<b>116.099</b>	<b>328.441</b>	<b>319.399</b>	<b>509.848</b>
Íslenskir ferðamenn <i>Icelandic tourists</i>	564.973	119.633	22.477	57.067	33.962	49.587	94.890	63.458	123.899
Erlendir ferðamenn <i>Foreign tourists</i>	1.918.081	704.351	106.201	111.754	53.822	66.512	233.551	255.941	385.949
Danmörk <i>Denmark</i>	64.582	28.083	2.999	4.055	1.093	2.381	7.343	6.914	11.714
Svíþjóð <i>Sweden</i>	51.588	30.891	1.609	2.137	988	1.608	3.650	3.021	7.684
Noregur <i>Norway</i>	66.509	42.090	2.562	2.218	780	1.365	3.496	2.685	11.313
Færeyjar <i>Faroe Island</i>	4.298	2.452	117	104	92	150	707	501	175
Grænland <i>Greenland</i>	1.404	990	301	7	30	9	31	23	13
Finnland <i>Finland</i>	19.900	11.735	903	719	308	489	1.521	1.458	2.767
Bretland <i>United Kingdom</i>	250.728	136.380	17.393	11.729	3.438	3.504	15.398	17.148	45.738
Írland <i>Ireland</i>	8.671	4.437	363	401	394	311	572	780	1.413
Þýskaland <i>Germany</i>	357.146	87.120	18.628	23.821	14.135	15.040	55.851	63.056	79.495
Holland <i>Netherlands</i>	92.748	23.478	4.456	7.668	3.191	4.964	11.655	14.829	22.507
Belgía <i>Belgium</i>	40.867	10.307	1.838	2.029	1.582	2.679	5.489	6.892	10.051
Frakkland <i>France</i>	226.239	51.335	8.641	15.994	7.217	9.345	33.061	41.676	58.970
Sviss (þ.m.t. Lichtenstein) <i>Switzerland (incl. Lichtenstein)</i>	77.765	15.589	5.981	6.360	4.096	4.914	11.145	13.089	16.591
Austurríki <i>Austria</i>	31.938	7.015	1.500	2.107	1.128	2.139	5.655	5.301	7.093
Ítalía <i>Italy</i>	79.540	17.748	3.665	5.416	3.001	4.107	15.193	14.972	15.438
Spánn <i>Spain</i>	84.322	19.732	5.005	5.926	2.737	3.447	14.527	15.446	17.502
Eistland <i>Estonia</i>	1.270	511	137	39	34	95	230	71	153
Krótía <i>Croatia</i>	385	246	43	5	1	6	39	9	36
Kýpur <i>Cyprus</i>	88	32	28	0	0	1	3	5	19
Lettland <i>Latvia</i>	653	393	44	7	10	1	59	73	66
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	950	365	414	24	18	27	35	16	51
Grikkland <i>Greece</i>	1.558	372	717	46	10	17	186	113	97
Portúgal <i>Portugal</i>	2.160	929	168	47	44	38	282	350	302
Úkraína <i>Ukraine</i>	727	292	56	53	10	16	116	77	107
Ungverjaland <i>Hungary</i>	3.034	1.167	238	115	77	22	369	489	557
Tyrkland <i>Turkey</i>	644	362	33	47	3	0	48	27	124
Tékkland <i>Czech Republic</i>	11.007	2.339	610	533	230	400	2.017	2.331	2.547
Slóvenía <i>Slovenia</i>	2.685	755	36	76	78	99	704	318	619
Slóvakía <i>Slovakia</i>	1.620	440	133	78	37	73	243	284	332
Rússland <i>Russia</i>	16.299	6.003	1.393	532	477	416	2.338	2.291	2.849
Pólland <i>Poland</i>	9.218	2.540	963	655	316	436	1.487	1.279	1.542
Malta <i>Malta</i>	151	83	10	12		6	17	18	5

Tafla 1. Fjöldi gistinguáttu og gestakoma eftir ríkisfangi og landsvæðum 2013 (frh.)  
 Table 1. Overnight stays and arrivals by citizenship and region 2013 (cont.)

	Alls <i>Total</i>	Höfuð- borgar- svæði <i>Capital region</i>	Suður- nes South- west <i>South- west</i>	Vestur- land West <i>West</i>	Vest- firðir West- fjords	Norður- land vestra North- west	Norður- land eystra North- east	Austur- land East	Suður- land South
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	916	349	103	28	65	31	106	86	148
Litháen <i>Lithuania</i>	1.660	512	178	69	31	36	248	219	367
Rúmenía <i>Romania</i>	890	395	75	29	13	17	162	92	107
Önnur Evrópulönd <i>Other European countries</i>	823	403	77	25	14	37	61	71	135
Bandaríkin <i>Unites States of America</i>	230.974	122.457	15.669	10.912	4.162	3.965	19.144	18.945	35.720
Kanada <i>Canada</i>	46.104	18.437	2.055	2.853	1.793	1.521	5.382	6.036	8.027
Brasilía <i>Brazil</i>	1.693	845	119	41	30	26	197	166	269
Önnur lönd Mið- og Suður-Ameríku <i>Other South and Central American countr.</i>	2.775	1.641	104	112	24	42	369	185	298
Japan <i>Japan</i>	29.794	14.940	2.624	1.257	307	193	2.182	2.339	5.952
Kína <i>People's Republic of China</i>	27.677	13.886	1.641	1.019	216	436	2.936	3.371	4.172
Suður-Kórea <i>Republic of South Kora</i>	1.870	735	120	18	13	17	271	307	389
Indland <i>India</i>	2.107	1.021	84	33	35	66	246	249	373
Ísrael <i>Israel</i>	22.223	3.128	743	1.402	745	1.296	5.017	4.349	5.543
Önnur Asiulönd <i>Other Asian countries</i>	20.907	11.717	657	321	210	378	1.855	1.908	3.861
Suður-Afríka <i>South Africa</i>	957	432	69	25	34	19	64	96	218
Önnur Afríkulönd <i>Other African countries</i>	1.197	672	36	27	23	6	243	93	97
Ástralía <i>Australia</i>	13.471	5.883	797	587	525	295	1.482	1.708	2.194
Nýja-Sjáländ <i>New Zealand</i>	1.213	616	53	32	27	24	114	147	200
Önnur lönd Eyjaálfu og önnur landsvæði <i>Other Oceania and other territories</i>	136	71	13	4	0	2	5	32	9

**Tafla 2. Fjöldi gististaða eftir tegundum og landsvæðum 2012–2013**  
 Table 2. Number of accommodation establishments by type and region 2012–2013

	Höfuð- borgar- svæði	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	
Alls <i>Total</i>	<i>Capital region</i>	<i>South- west</i>	<i>West</i>	<i>West- fjords</i>	<i>North- west</i>	<i>North- east</i>	<i>East</i>	<i>South</i>	
<b>2012</b>									
<b>Alls Total</b>	<b>871</b>	<b>137</b>	<b>19</b>	<b>88</b>	<b>90</b>	<b>76</b>	<b>148</b>	<b>124</b>	<b>189</b>
Hótel <i>Hotels</i>	89	34	6	9	1	3	12	8	16
Íbúðagisting <i>Apartments</i>	44	28	•	•	6	•	5	1	4
Gistiheimili <sup>1</sup> <i>Guesthouses<sup>1</sup></i>	235	33	6	25	26	21	42	41	41
Heimaging <i>Private homes</i>	167	31	2	21	20	20	31	14	28
Farfuglaheimili <i>Hostels</i>	38	4	1	3	4	2	7	7	10
Orlofshúsabyggðir <i>Cottages</i>	46	•	1	6	3	6	8	10	12
Svefnpokagististaðir <i>Sleeping bag accommodation</i>	38	4	1	3	4	2	7	7	10
Skálar <i>Huts in the wilderness</i>	52	•	•	•	3	5	6	10	28
Tjaldsvæði <i>Camping</i>	139	3	2	21	20	16	26	23	28
Tjaldsvæði á hálendinu <i>Camping in the wilderness</i>	23	•	•	•	3	1	4	3	12
<b>2013</b>									
<b>Alls Total</b>	<b>916</b>	<b>158</b>	<b>23</b>	<b>91</b>	<b>93</b>	<b>83</b>	<b>145</b>	<b>123</b>	<b>200</b>
Hótel <i>Hotels</i>	97	37	6	9	3	3	12	8	19
Íbúðagisting <i>Apartments</i>	57	38	1	1	6	•	5	1	5
Gistiheimili <sup>1</sup> <i>Guesthouses<sup>1</sup></i>	247	37	7	26	27	23	42	41	44
Heimaging <i>Private homes</i>	179	33	5	21	20	23	32	15	30
Farfuglaheimili <i>Hostels</i>	46	9	1	3	5	2	7	7	12
Orlofshúsabyggðir <i>Cottages</i>	43	•	1	6	2	5	8	10	11
Svefnpokagististaðir <i>Sleeping bag accommodation</i>	39	1	•	5	4	6	4	6	13
Skálar <i>Huts in the wilderness</i>	50	•	•	•	3	5	5	10	27
Tjaldsvæði <i>Camping</i>	136	3	2	20	20	15	26	22	28
Tjaldsvæði á hálendinu <i>Camping in the wilderness</i>	22	•	•	•	3	1	4	3	11

<sup>1</sup> Heilsársgistiheimili, sumargistiheimili og sumarhótel. *Guesthouses, summer guesthouses and summer hotels.*

**Tafla 3. Nýting herbergja og rúma á hótélum og gistiheimilum eftir mánuðum 2012–2013**Table 3. *Occupancy rooms and beds in hotels and guesthouses by months 2012–2013*

	Nýting á hótélum <i>Hotel occupancy</i>		Nýting á gistiheimilum <i>Guesthouse occupancy</i>	
	Herbergi <i>Rooms</i>	Rúm <i>Beds</i>	Herbergi <i>Rooms</i>	Rúm <i>Beds</i>
<b>2012</b>	58,6	46,3	35,1	28,7
Janúar <i>January</i>	31,7	23,8	5,1	3,9
Febrúar <i>February</i>	47,5	35,9	13,4	10,3
Mars <i>March</i>	56,3	42,5	10,9	8,6
Apríl <i>April</i>	51,2	38,6	14,7	11,5
Mái <i>May</i>	55,7	42,5	20,2	16,2
Júní <i>June</i>	76,0	64,1	45,9	38,2
Júlí <i>July</i>	91,9	77,7	78,2	65,3
Ágúst <i>August</i>	86,6	73,2	65,9	54,8
September <i>September</i>	62,6	48,1	25,7	20,5
Október <i>October</i>	54,0	41,1	15,8	12,5
Nóvember <i>November</i>	47,2	35,6	11,8	9,2
Desember <i>December</i>	36,4	27,3	7,8	6,0
<b>2013</b>	62,8	49,9	39,3	32,7
Janúar <i>January</i>	37,0	27,8	9,4	7,3
Febrúar <i>February</i>	60,4	45,9	18,2	14,4
Mars <i>March</i>	63,6	48,6	18,8	15,0
Apríl <i>April</i>	51,8	39,3	16,9	13,8
Mái <i>May</i>	59,4	45,8	25,5	21,3
Júní <i>June</i>	78,0	66,0	48,0	40,9
Júlí <i>July</i>	92,3	78,3	79,2	66,9
Ágúst <i>August</i>	84,2	71,2	64,6	54,5
September <i>September</i>	61,4	47,8	33,0	26,9
Október <i>October</i>	57,8	44,4	21,7	17,5
Nóvember <i>November</i>	55,4	41,9	13,0	10,2
Desember <i>December</i>	46,9	35,7	13,0	10,2
<b>Breyting milli ára, 2012–2013, %</b>				
<b>Change between 2012–2013, %</b>	7,2	7,8	12,0	13,9
Janúar <i>January</i>	16,7	16,8	84,3	87,2
Febrúar <i>February</i>	27,2	27,9	35,8	39,8
Mars <i>March</i>	13,0	14,4	72,5	74,4
Apríl <i>April</i>	1,2	1,8	15,0	20,0
Mái <i>May</i>	6,6	7,8	26,2	31,5
Júní <i>June</i>	2,6	3,0	4,6	7,1
Júlí <i>July</i>	0,4	0,8	1,3	2,5
Ágúst <i>August</i>	-2,8	-2,7	-2,0	-0,5
September <i>September</i>	-1,9	-0,6	28,4	31,2
Október <i>October</i>	7,0	8,0	37,3	40,0
Nóvember <i>November</i>	17,4	17,7	10,2	10,9
Desember <i>December</i>	28,8	30,8	66,7	70,0









Hagfíðindi  
Statistical Series

99. árg. • 11. tbl.

ISSN 0019-1078

Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni  
*Tourism, transport and IT*

2014:2

ISSN 1670-4576 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4584 (rafraen útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Hildur Kristjánsdóttir • [hildur.kristjansdottir@hagstofa.is](mailto:hildur.kristjansdottir@hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099